

TILSKIPUN RÁÐSINS 95/53/EB

frá 25. október 1995

um setningu meginreglna um skipulag opinberra skoðana á sviði dýrafæðu(*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 43. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Dýrafæða er orðin afar mikilvægur þáttur í landbúnaði innan bandalagsins.

Setning meginreglna á vettvangi bandalagsins um skipulag opinberra skoðana á sviði dýrafæðu er liður í því að standa vörð um heilbrigði dýra og manna og umhverfið, tryggja að verslunarviðskipti fari heildarlega fram og vernda hagsmuni neytenda.

Setja verður reglur um skipulag opinberra skoðana á föðri með tilliti til mikillar fjölbreytni framleiðsluvara sem eru notaðar, þess mikla vörumagns sem verslað er með, samþættrar uppbyggingar geirans og, einkum, þarfarið og að tryggja bæði heilnæmi föðurs og gæði matvæla.

Til að ná settu markmiði verða reglur, sem settar eru í þessari tilskipun, að gilda um allar vörur og efni sem eru notuð í dýrafæðu í bandalaginu. Því ber að skipuleggja skoðanir á vörum sem eru fluttar inn í bandalagið eða fara þar í frjálsa dreifingu.

Skilgreiningin á „lögberu yfirvaldi“ kemur ekki í veg fyrir að aðildarríkin feli öðrum að hluta eða að öllu leyti ábyrgð yfirvaldsins til að annast opinbert eftirlit á sviði dýrafæðu,

að því tilskildu að skoðanir fari áfram fram samkvæmt umboði þeirra.

Skoðanir verða að fara fram með reglulegu millibili ef þær á að skila árangri. Skoðanir má ekki takmarka með tilliti til viðfangsefnis eða þess skeiðs eða tíma þegar þær er framkvæmdar. Þær skulu fara þannig fram að skilvirkni sé tryggð með viðeigandi hætti.

Til að tryggja að skoðunarreglur séu ekki sniðgengnar er nauðsynlegt að kveða á um að aðildarríkin skuli ekki láta hjá líða að hafa viðeigandi eftirlit með vöru vegna þess að hún sé ætluð til útflutnings til lands utan bandalagsins.

Að því er varðar vörur frá þriðju löndum er nauðsynlegt að fram fari sannpröfun skjala og sannpröfun auðkenna með slembiathugun um leið og þær eru fluttar inn á yfirráðasvæði bandalagsins.

Aðildarríkin skulu eiga þess kost að tiltaka komustaði til að tryggja að skoðun innfluttra vara fari fram með skilvirkum hætti, með fyrirvara um ákvæði sem eru sett í annarri viðkomandi lögjögum bandalagsins, einkum tilskipunum 90/675/EBE ⁽⁴⁾ og 92/118/EBE ⁽⁵⁾ um dýraheilbrigðis- eftirlit og kröfur um heilbrigði dýra og manna.

Setja ber meginreglur um skipulag og aðgerðir í framhaldi af því eftirliti með ástandi sem lögbærum yfirvöldum ber að annast.

Með tilliti til viðskipta innan bandalagsins ber að leggja áherslu á það eftirlit sem fara skal fram á upprunastað. Ef grunur leikur á að um vanrækslu sé að ræða er þó í undantekningartilvikum hægt að láta eftirlitið fara fram meðan á umflutningi vörunnar stendur eða á viðtökustað.

Forsendan fyrir þessari lausn er meiri tiltrú á þeirri skoðun sem fram fer í sendingaraðildarríkinu. Sendingaraðildarríkið skal sjá til þess að slíkt eftirlit fari fram með viðeigandi hætti.

Ákveða ber til hvaða aðgerða skuli grípa ef eftirlit með sendingu leiðir vanrækslu í ljós.

Með tilliti til skilvirkni er það sendingaraðildarríkisins að sjá til þess að vörurnar séu í samræmi við reglur bandalagsins. Sé um brot að ræða verður framkvæmdastjórnin að vera í aðstöðu til að grípa til aðgerða, í samvinnu

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 265, 8.11.1995, bls. 17, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 101/1999 frá 24. september 1999 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 313, 19. 11. 1993, bls. 10.⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 128, 9. 5. 1994, bls. 97.⁽³⁾ Stjtið. EB nr. C 127, 7. 5. 1994, bls. 10.⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 373, 31. 12. 1990, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 1601/92 (Stjtið. EB nr. L 173, 27. 6. 1992, bls. 13).⁽⁵⁾ Stjtið. EB nr. L 62, 15. 3. 1993, bls. 49. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/723/EB (Stjtið. EB nr. L 288, 9. 11. 1994, bls. 48).

við hlutaðeigandi aðildarríki, einkum með vettvangsheimsóknnum og með því að samþykkja ráðstafanir sem hæfa aðstæðum.

Í samræmi við tilskipun ráðsins 70/373/EBE⁽⁶⁾ ber að samþykkja á vettvangi bandalagsins allar þær aðferðir við sýnatöku og greiningu sem eru nauðsynlegar við opinbert eftirlit með föðri.

Enda þótt fyrirtæki ættu ekki að hafa rétt til þess að leggjast gegn því að skoðun fari fram ber þó að vernda lögmæt réttindi þeirra, einkum réttinn til framleiðsluleyndar og réttinn til að áfrýja.

Það kann að vera mismunandi eftir aðildarríkjum hvaða yfirvöld annast skoðanir. Því er æskilegt að birta skrá um yfirvöld sem í hverju aðildarríki eru lögbær á þessu sviði og tilgreina þau svæði sem heimildir þeirra ná til og þær rannsóknarstofur sem hafa heimild til þess að annast greiningu í tengslum við slíkar skoðanir.

Enda þótt það sé fyrst og fremst aðildarríkjanna að samþykkja skoðunaráætlanir sínar er nauðsynlegt, með tilliti til þess að innri markaðurinn geti starfað eðlilega, að einnig séu til samræmdar áætlanir á vettvangi bandalagsins.

Framkvæmdastjórninni skal falið að samþykkja ráðstafanir til beitingar þessari tilskipun.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

INNGANGSÁKVÆÐI

1. gr.

1. Í þessari tilskipun eru settar fram meginreglur um skipulag opinberra skoðana á sviði dýrafæðu.

2. Tilskipun þessi skal gilda með fyrirvara um sértækari reglur bandalagsins, einkum reglur bandalagsins á sviði tolla og dýraheilbrigðis.

2. gr.

• Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „opinber skoðun á sviði dýrafæðu“, hér á eftir nefnd „skoðun“: skoðun lögbærra yfirvalda til að kanna hvort farið er að ákvæðum bandalagsins sem tiltekin eru í:

⁽⁶⁾ Stjtið. EB nr. L 170, 3. 8. 1970, bls. 2. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 3768/85 (Stjtið. EB nr. L 362, 31. 12. 1985, bls. 8).

— tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í föðri⁽⁷⁾,

— tilskipun ráðsins 74/63/EBE frá 17. desember 1973 um óæskileg efni og óæskilegar afurðir í dýraföðri⁽⁸⁾,

— tilskipun ráðsins 77/101/EBE frá 23. nóvember 1976 um markaðssetningu óblandaðs föðurs⁽⁹⁾,

— tilskipun ráðsins 79/373/EBE frá 2. apríl 1979 um markaðssetningu blandaðs föðurs⁽¹⁰⁾,

— tilskipun ráðsins 82/471/EBE frá 30. júní 1982 um ákveðnar afurðir í dýrafæðu⁽¹¹⁾,

— tilskipun ráðsins 93/74/EBE frá 13. september 1993 um föður sem er miðað við sérstök næringarmarkmið⁽¹²⁾ og

— öllum öðrum reglum á sviði dýrafæðu þar sem gert er ráð fyrir að opinber skoðun fari fram í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar.

a) „sannprófun skjala“: sannprófun skjala sem fylgja vörinni eða annarra upplýsinga sem eru veittar um vöruna;

b) „sannprófun auðkenna“: sannprófun, sem fer eingöngu fram með sjónrænni skoðun, á því að samræmi sé milli skjalanna, vörumerkinga og varanna;

c) „eftirlit með ástandi“: eftirlit með sjálfri vörinni, meðal annars með sýnatöku og prófun á rannsóknarstofu ef við á;

d) „vara“: föður og öll efni sem eru notuð í dýrafæðu;

e) „lögbært yfirvald“: það yfirvald aðildarríkis sem annast framkvæmd opinbers eftirlits á sviði dýrafæðu;

f) „starfsstöð“: fyrirtæki sem framleiðir eða vinnur vöru eða hefur hana undir höndum á millistigi framleiðslu áður en hún fer á markað eða sem markaðssetur vöruna;

⁽⁷⁾ Stjtið. EB nr. L 270, 14. 12. 1970. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/77/EB (Stjtið. EB nr. L 350, 31. 12. 1994, bls. 113).

⁽⁸⁾ Stjtið. EB nr. L 38, 11. 2. 1974, bls. 31. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/16/EB (Stjtið. EB nr. L 104, 23. 4. 1994, bls. 32).

⁽⁹⁾ Stjtið. EB nr. L 32, 3. 2. 1977, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 90/654/EBE (Stjtið. EB nr. L 353, 17. 2. 1990, bls. 48).

⁽¹⁰⁾ Stjtið. EB nr. L 86, 6. 4. 1979, bls. 30. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 93/74/EBE (Stjtið. EB nr. L 237, 22. 9. 1993, bls. 23).

⁽¹¹⁾ Stjtið. EB nr. L 213, 21. 7. 1982, bls. 8. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 93/74/EBE (Stjtið. EB nr. L 237, 22. 9. 1993, bls. 23).

⁽¹²⁾ Stjtið. EB nr. L 237, 22. 9. 1993, bls. 23.

- „markaðssetning“: geymsla á vörum með tilliti til sölu eða afhendingar með einhverjum öðrum hætti, gegn greiðslu eða ekki, einnig sjálf salan og afhending sem fer fram með einhverjum öðrum hætti.
- Skilgreiningarnar í löggjöf bandalagsins á sviði dýrafæðu skulu gilda eftir því sem við á.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að skoðun fari fram í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar.
2. Aðildarríkin skulu ekki láta hjá líða að hafa viðeigandi eftirlit með vöru þó að hún sé ætluð til útflutnings.

4. gr.

1. Skoðanir skulu fara fram:
 - a) með reglulegu millibili;
 - b) ef grunur leikur á að ákvæði séu ekki uppfyllt;
 - c) með aðferðum sem samræmast markmiðinu, einkum með tilliti til áhættu og fenginnar reynslu.
 2. Skoðanir skulu taka til allra stiga framleiðslu og vinnslu, millistiga í framleiðslu fyrir markaðssetningu, að meðtöldum innflutningi, og til notkunar vara.
- Hlutaðeigandi lögbært yfirvald skal velja það eða þau stig sem eiga best við tilgang skoðananna.
3. Skoðanir skulu yfirleitt fara fram án nokkurs fyrirvara.
 4. Skoðanir skulu einnig taka til notkunar sem er bönnuð í tengslum við dýrafæðu.

II. KAFLI

INNFLUTNINGUR FRÁ ÞRÍÐJU LÖNDUM

5. gr.

Þrátt fyrir 1. mgr. 4. gr. skulu aðildarríkin gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að við innflutning varanna inn á tollsvæði bandalagsins láti lögbær yfirvöld fara fram sannprófun skjala vegna hvernar framleiðslulotu og sannprófun auðkenna með slembiathugun, til að ganga úr skugga um:

- tegund,
- uppruna,
- viðtökustað,

í því skyni að ákvarða hvaða tollmeðferð skuli gilda.

6. gr.

Að því er varðar eftirlitið, sem kveðið er á um í 5. gr., geta aðildarríkin ákveðið sérstaka komustaði á yfirráðasvæði sínu fyrir mismunandi vörutegundir.

Í þessu skyni geta þau farið fram á að vera tilkynnt um hvenær vörunar eru væntanlegar á tiltekinn komustað.

7. gr.

Aðildarríkin skulu ganga úr skugga um samræmi vara með því að kanna ástand með slembiathugun áður en þær eru markaðssettar.

8. gr.

1. Ef eftirlitið leiðir í ljós að vörur standast ekki tilskildar kröfur skal aðildarríkið banna innflutning þeirra eða markaðssetningu og fyrirskipa endursendingu þeirra frá yfirráðasvæði bandalagsins. Það skal þegar í stað tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum að vörunum hafi verið hafnað og tilgreina þau brot sem hafa komið í ljós.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. mega aðildarríkin, með skilyrðum sem hlutaðeigandi lögbært yfirvald setur, heimila eina af eftirfarandi aðgerðum:

- aðlögun varanna að tilskildum kröfum innan nánar tiltekins frests,
- hreinsun, ef við á,
- aðra viðeigandi meðhöndlun,
- notkun í öðrum tilgangi,
- förgun varanna.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að aðgerðirnar, sem taldar eru upp í fyrstu undirgrein, hafi ekki skaðleg áhrif á heilbrigði manna og dýra eða á umhverfið.

3. Kostnaður, sem stofnað er til vegna ráðstafana sem eru gerðar í samræmi við 1. og 2. mgr., hvílir á handhafa leyfisins eða fulltrúa hans.

9. gr.

1. Ef vörunar eru ekki markaðssettar á yfirráðasvæði þess aðildarríkis sem annast eftirlitið sem um getur í 5. gr. og, eftir atvikum, eftirlit með ástandi skal það aðildarríki afhenda hlutaðeigandi einstaklingi skjal þar sem fram kemur hvers konar eftirlit var viðhaft og hverjar niðurstöður þess eru. Í viðskiptaskjölunum skal vera tilvísun í þetta skjal.

Þetta ákvæði hefur þó ekki áhrif á rétt viðtökuaðildarríkisins til að láta fara fram slembiathuganir.

2. Fyrir 30. apríl 1998 ber að samþykkja, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 23. gr., staðlað skjal og, eftir atvikum, nákvæmar reglur um beitingu ákvæða 1. mgr.

III. KAFLI

VIÐSKIPTI INNAN BANDALAGSINS

10. gr.

Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að vörur, sem senda á til annars aðildarríkis, verði skoðaðar af jafnmikilli nákvæmni og þær sem ætlaðar eru til markaðssetningar á þeirra eigin yfirráðasvæði.

1. þáttur

Eftirlit á upprunastað

11. gr.

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að hlutaðeigandi lögbært yfirvald hafi eftirlit með starfsstöðvum til að ganga úr skugga um að þær standi við skuldbindingar sínar samkvæmt reglum bandalagsins og að vörur sem ætlaðar eru til markaðssetningar standist kröfur bandalagsins.

2. Ef grunur leikur á að kröfum sé ekki fullnægt skal lögbæra yfirvaldið láta fara fram nauðsynlegt eftirlit og gera viðeigandi ráðstafanir ef grunurinn er staðfestur.

2. þáttur

Eftirlit á viðtökustað

12. gr.

1. Lögbært yfirvald viðtökuaðildarríkis getur á viðtökustað, með óhlutdrægri slembiathugun, gengið úr skugga um samræmi vara við ákvæði a-liðar 1. mgr. 2. gr.

2. Ef lögbært yfirvald umflutningsaðildarríkis eða lögbært yfirvald viðtökuaðildarríkis hefur undir höndum upplýsingar sem vekja grun um að brot hafi átt sér stað er þó

hægt að láta eftirlitið fara fram meðan á umflutningi vörunnar stendur á yfirráðasvæði þess.

13. gr.

1. Ef aðildarríki kemst að raun um, við eftirlit á viðtökustað sendingar eða meðan á flutningi stendur, að vörunnar samræmast ekki ákvæðum a-liðar 1. mgr. 2. gr. skal það gera viðeigandi ráðstafanir og fara fram á það við sendanda, viðtakanda eða annan þar til bærán aðila að hann, með skilyrðum sem hlutaðeigandi lögbært yfirvald setur, grípi til einnar af eftirfarandi aðgerðum:

- aðlögunar varanna að tilskildum kröfum innan nánar tiltekins frests,
- hreinsunar, ef við á,
- annarrar viðeigandi meðhöndlunar,
- notkunar í öðrum tilgangi,
- endursendingar til upprunalands, eftir að lögbæru yfirvaldi í landi upprunastarfsstöðvar hefur verið tilkynnt þar um,
- förgunar varanna.

2. Kostnaður, sem stofnað er til vegna ráðstafana sem eru gerðar í samræmi við 1. mgr., hvílir á sendanda eða öðrum réttahafa, að meðtöldum viðtakanda, ef við á.

3. þáttur

Samvinna þegar um brot er að ræða

14. gr.

Ef vörum er fargað, þær notaðar í öðrum tilgangi, þær endursendar til upprunalandsins eða hreinsaðar, eins og kveðið er á um í 1. mgr. 13. gr., skal viðtökuaðildarríkið án tafar gera sendingaraðildarríkinu viðvart. Í öðrum tilvikum er viðtökuaðildarríkinu heimilt að gera sendingaraðildarríkinu viðvart. Sendingaraðildarríkið skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir og tilkynna viðtökuaðildarríkinu um það eftirlit sem fram hefur farið og niðurstöður þess, um þær ákvarðanir sem hafa verið teknar og þær ástæður sem liggja þeim til grundvallar.

Ef viðtökuaðildarríkið óttast að slíkar ráðstafanir séu ófullnægjandi skulu þessu tvö aðildarríki í sameiningu leitast við að ráða bót á ástandinu, ef til vill með sameiginlegri vettvangsskoðun.

Ef eftirlit, sem fer fram í samræmi við 12. gr., leiðir í ljós endurtekna vanrækslu skal viðtökuaðildarríkið tilkynna það framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum.

15. gr.

1. Framkvæmdastjórnin getur, að beiðni viðtökuaðildarríkisins eða að eigin frumkvæði og að teknu tilliti til þess hvers eðlis brotið er:

- sent fulltrúa til viðkomandi starfsstöðvar í samvinnu við hlutaðeigandi aðildarríki,
- farið fram á það að sendingaraðildarríkið herði eftirlit með vörum frá viðkomandi starfsstöð.

2. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna hlutaðeigandi aðildarríkjunum um niðurstöður sínar.

Uns framkvæmdastjórnin hefur komist að niðurstöðu skal sendingaraðildarríkið, að beiðni viðtökuaðildarríkisins, herða eftirlit með vörum frá umræddri starfsstöð.

Viðtökuaðildarríkið getur, fyrir sitt leyti, hert eftirlit með vörum frá sömu starfsstöð.

3. Framkvæmdastjórnin getur endurskoðað ástandið innan nefndarinnar sem um getur í 23. gr. Henni er heimilt að samþykkja nauðsynlegar ákvarðanir í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í sömu grein, að meðtöldum ákvörðunum varðandi flutning vara innan bandalagsins.

4. þáttur

Eftirlit á bújörðum*16. gr.*

Aðildarríkin skulu tryggja að hlutaðeigandi lögbært yfirvald hafi aðgang að stöðum þar sem landbúnaðarframleiðsla fer fram og þar sem vörur eru framleiddar eða notaðar í því skyni að nauðsynlegt eftirlit geti farið fram.

IV. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI*17. gr.*

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að skoðanir fari þannig fram að sem minnstar tafir verði á afhendingu vara og að skoðun leiði ekki til óréttmætra hindrana við markaðssetningu þeirra.

2. Aðildarríkin skulu kveða á um að faglegar trúnaðarkvaðir gildi um þá embættismenn sem annast skoðunina.

18. gr.

1. Ef tekin eru sýni úr vörunum til greiningar skulu aðildarríkin samþykkja nauðsynleg ákvæði til að tryggja:

— að starfsstöðvar, sem eftirlit er haft með, geti leitað álits annarra sérfræðinga,

— að viðmiðunarsýni með opinberu innsigli séu varðveitt.

2. Aðildarríkin skulu taka saman skrá um þær rannsóknarstofur sem mega annast greiningu. Þau skulu sjá til þess að slíkar rannsóknarstofur séu tilnefndar vegna getu þeirra.

3. Aðildarríkin skulu sjá til þess að sýnataka og greining fari fram í samræmi við reglur bandalagsins.

Ef ekki eru til viðeigandi reglur eða aðferðir í bandalaginu skulu aðildarríkin gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að ganga úr skugga um að skoðun fari fram:

— í samræmi við staðla sem alþjóðlegar stofnanir viðurkenna eða,

— ef engir slíkir staðlar eru til, í samræmi við innlendar reglur sem eru viðurkenndar í vísindalegu tilliti og samræmast almennum meginreglum sáttmálans.

4. Heimilt er að setja skal nákvæmar reglur um framkvæmd þessarar greinar samkvæmt málsmeðferðinni í 23. gr.

19. gr.

Sérhvert aðildarríki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að öllum ákvæðum þessarar tilskipunar sé beitt til fulls. Setja skal viðurlög við broti gegn þessum ákvæðum. Slík viðurlög skulu vera skilvirk, þau skulu vera í réttu hlutfalli við brotið og hafa fyrirbyggjandi áhrif.

20. gr.

Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á rétt, samkvæmt gildandi lögum í aðildarríkjunum, til að áfrýja ákvörðunum lögbærra yfirvalda.

Ákvarðanir sem lögbært yfirvald tekur þegar brot hefur uppgötvast og rökstuðning fyrir slíkum ákvörðunum ber að tilkynna hlutaðeigandi rekstraraðila eða fulltrúa hans.

Ef hlutaðeigandi rekstraraðili eða fulltrúi hans fer fram á það ber að tilkynna honum skriflega um ákvarðanir ásamt rökstuðningi fyrir þeim og upplýsingum um áfrýjunarrétt hans samkvæmt gildandi lögum í aðildarríkinu þar sem eftirlitið fer fram og um þá málsmeðferð og þann frest sem í gildi er.

21. gr.

Einu ári eftir að tilskipun þessi öðlast gildi skal sérhvert aðildarríki tilkynna framkvæmdastjórninni um:

— lögbært yfirvald eða lögbær yfirvöld, landfræðilega lögsögu þeirra og verk svið,

— rannsóknarstofuna eða rannsóknarstofurnar sem um getur í 2. mgr. 18. gr.,

— ef við á, skrá um komustaði sem um getur í 6. gr.

Þessar upplýsingar, ásamt síðari breytingum, skal birta í C-deild *Stjórnartíðinda Evrópubandalaganna*.

22. gr.

1. Eigi síðar en 1. október 1998 skulu aðildarríkin semja áætlanir um þær innlendu ráðstafanir sem ber að gera til að ná markmiðum þessarar tilskipunar.

Í þessum áætlunum ber að taka tillit til sérstakra aðstæðna í hverju aðildarríki og tilgreina hátt og tíðni þeirrar skoðana sem skulu fara fram með reglulegu millibili.

2. Fyrir 1. apríl ár hvert, í fyrsta sinn fyrir 1. apríl árið 2000, skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni allar tilskildar upplýsingar um hvernig framkvæmd þeirra áætlana, sem um getur í 1. mgr., var háttað árið áður og tilgreina:

- viðmiðanir sem farið var eftir við samningu áætlana,
- fjölda og hátt þeirra skoðana sem fram fara,
- niðurstöður skoðunar, einkum fjölda og eðli þeirra brota sem í ljós komu,
- aðgerðir sem gripið var til þegar brot komu í ljós.

3. Fyrir 1. október ár hvert, í fyrsta sinn fyrir 1. október árið 2000, skal framkvæmdastjórnin leggja fram heildaryfirlitsskýrslu um niðurstöður þeirra skoðana sem fara fram á vettvangi bandalagsins, ásamt tillögu að tilmælum um samræmda skoðunaráætlun fyrir næsta ár sem ber að samþykka í samræmi við málsmeðferð 23. gr. Tilmælunum er heimilt að breyta síðar, ef þess gerist þörf við framkvæmd samræmdu áætlunarinnar.

Í samræmdu áætluninni skal einkum tilgreina helstu viðmiðanir sem ber að fylgja við framkvæmd hennar.

Í upplýsingunum, sem kveðið er á um í 2. mgr., skal vera sérstakur kafli um framkvæmd samræmdu áætlunarinnar.

23. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar fastanefndarinnar um fóður sem komið var á fót með ákvörðun 70/372/EBE ⁽¹⁾ og kallast hér á eftir „nefndin“.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitinu sínu á drögunum innan þeirra tímamarka sem formaðurinn setur eftir því hversu brýnt málið er. Álitid skal

samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðinu ber að samþykka að tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni vege eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.

3. a) Framkvæmdastjórnin skal samþykka fyrirhugaðar ráðstafanir séu þær í samræmi við álit nefndarinnar.

b) Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar, eða skili nefndin ekki álit, ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um þær ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

Hafi ráðið ekki aðhafst innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykka fyrirhugaðar ráðstafanir nema ráðið hafi með einföldum meirihluta lýst sig andsnúið umræddum ráðstöfunum.

24. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykka lög og stjórnsýslufyrirmæli sem nauðsynleg eru til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. apríl 1998. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykka þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem þau samþykka um málefni sem tilskipun þessi nær til.

25. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

26. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 25. október 1995.

Fyrir hönd ráðsins,

L. ATIENZA

forseti.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 170, 3. 8. 1970, bls. 1.